

## REGLUGERÐ

### um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra getur veitt skólum á framhaldsskólastigi sem reknir eru af einka-aðilum eða samtökum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla enda miðist starfsemi þeirra við að:

- a. veita nemendum undirbúning til starfa í atvinnulífinu,
- b. að starfrækja nám á framhaldsskólastigi, annaðhvort heildstætt nám skv. aðalnámskrá, eða hluta þess.

#### 2. gr.

Viðurkenning er veitt skriflega og þar skal lýst þeim skilyrðum sem sett eru sbr. 3. grein. Viðurkenningu skal veita til tiltekins tíma og er starfsemin háð eftirliti menntamálaráðuneytisins. Viðurkenning á starfsemi einkaskóla felur ekki í sér framlag til starfseminnar af almannafé. Ráðuneytið metur starfsemina út frá þeim skilyrðum sem sett eru í hverju tilviki skv. bréfi eða samningi. Þeim aðila er ábyrgð ber á rekstri viðurkennds einkaskóla er skylt að senda menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans þegar óskað er. Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu ef rekstraraðili uppfyllir ekki sett skilyrði.

#### 3. gr.

Skilyrði þess að einkaskóli geti hlotið viðurkenningu eru:

- a. að námið sé skipulagt sem a.m.k. einnar annar heildstætt nám,
- b. að inntökuskilyrði hafi verið skilgreind.

#### 4. gr.

Með umsókn um viðurkenningu skulu m.a. eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- a. lýsing á markmiðum námsins og námslokum, þ.e. lýsing á stöðu nemanda þegar hann hefur lokið náminu,
- b. námskrá sem lýsir innihaldi námsins svo og skipulagi, bæði bóklegu og verklegu,
- c. lýsing á tilhögun námsmats,
- d. lýsing á aðstöðu, þ. e. húsnæði og búnaði,
- e. upplýsingar um stafsmenn,
- f. upplýsingar um að fjármögnun viðkomandi stofnunar sé tryggð.

#### 5. gr.

Einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum af almannafé. Alþingi ákveður framlög ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verk-samningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um greiðslu fjárframlaga svo og annarra skilyrða sem framlagið er háð að mati samningsaðila.

#### 6. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1997.*

**Björn Bjarnason.**

Stefán Baldursson.